

Fréttatilkynning frá Nóa Síriusi 10. janúar 2020

Innköllun á súkkulaði

Vegna bilunar í vélbúnaði hefur Nói Síriusi ákveðið að innkalla fjögur vörunúmer því ekki er hægt að útiloka að plast hafi borist í súkkulaðiplötur.

Um er að ræða tvær stærðir af hreinu Síriusi Rjómasúkkulaði og eina stærð af Síriusi Suðusúkkulaði.

Plastið sem kann að hafa farið í súkkulaðið er ýmist blátt eða bleikt að lit og ætti því að vera sjánlegt neytendum þegar varan er opnuð. Tekið skal fram að umræddur vélbúnaður hefur verið lagfærður og því um einangrað tilvik að ræða. Nói Síriusi fylgir ströngum gæðastöðlum og gerðar hafa verið ráðstafanir til að útiloka að sambærilegt tilvik komi upp aftur.

Neytendur sem hafa keypt tilgreindar vörur eru beðnir að skila þeim inn í verslun eða á skrifstofu Nóa Síriusi að Hesthálsi 2-4.

Nói Síriusi harmar þau óþægindi sem þetta kann að hafa valdið neytendum.

Tegundir sem um ræðir:



Síriusi Rjómasúkkulaði 3x100g.
Strikamerki: 5690576570585.
Best fyrir; 03.06.2021 og 04.06.2021.



Síriusi Rjómasúkkulaði 150g.
Strikamerki: 5690576570608.
Best fyrir: 17.06.2021.



Síriusi Suðusúkkulaði 300g
Strikamerki: 5690576560302.
Best fyrir; 09.06.2021, 10.06.2021, 11.06.2021,
12.06.2021 .